

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

120. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn mánudaginn 14. júní 2021. Fundurinn sem er fjarfundur í Teams hófst kl. 10:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FL og FSL.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason og f.h FSL, Sigurður Sigurjónsson og f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Tillaga um breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FSL og FL**

Fram er komin tillaga frá stjórn VÍS, FSL og FL þar sem óskað er eftir staðfestingu samningsaðila um að frá og með 1. ágúst 2021 verði opnað á styrkveitingar úr nýrri deild innan VÍS sem fær nafnið E deild - Einstaklingsbundinn styrktarsjóður. Um er að ræða einstaklingsbundinn styrktarsjóð sem veitir m.a. styrki til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á markmiðsgrein sjóðsins, gr. 1.2., þar sem fram kemur að sjóðurinn styrki bæði faglega starfspróun og andlega og/eða líkamlega sjálfseflingu félagsmanna. Stjórn sjóðsins hefur samhliða lagt til ýmsar minni breytingar í samræmi við framangreint og lagt fram skjal með samþykktum til samningsaðila þar sem allar breytingar eru rekjanlegar. Þá hafa verið færðar inn í samþykktir fyrri ákvarðanir samningsaðila s.s. um styrkfjárhæðir.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála framangreindum tillögum um breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FSL og FL og samþykkir að þær breytingar taki gildi frá og með 1. ágúst 2021. Fulltrúar í samstarfsnefnd munu staðfesta þessa ákvörðun með rafrænni undirritun skjalsins „Samþykktir Vísindasjóðs\_Frumrit\_Gildistaka 1. ágúst 2021“

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10:30.